HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu
Sími: 525-4500/525-4553
Fax nr: 552-6806
Heimasíða: www.hag.hi.is
Tölvufang: ioes@hag.hi.is

Skýrsla nr. C93:09

Spálíkan fyrir nokkrar mikilvægar þjóðhagsstærðir, til skamms tíma

Skýrsla til Landsbréfa hf.

1993

Formáli

Með skýrslu þessari er gerð tilraun til að spá fyrir um nokkrar mikilvægar þjóðhagsstærðir, til skamms tíma litið, án þess að smíða stórt og dýrt þjóðhagslíkan. Þess í stað er treyst á tölfræðilegar aðferðir til að finna samband milli stærða í raunveruleikanum. Vonast er til þess að það spálíkan sem hér er sett fram nýtist Landsbréfum hf. til að sjá líklega þróun vaxta, verðbólgu, sparnaðar og fleiri stærða á næstu mánuðum ef ekki koma til kerfisbreytingar eða kollsteypur í þjóðfélaginu. Jafnframt er unnt að nota líkanið til að gera nýja spá að breyttu breytanda. Verkið er unnið af Tryggva Þór Herbertssyni iðnrekstrarfræðingi og stud.econ.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands,
í ágúst 1993,

Guðmundur Magnússon,
forstöðumaður.

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður

Skammtíma-spálíkan byggt á sk. VAR-aðferð (e. *vector autoregresson*) nær að spá marktækt fyrir um eftirtaldar þjóðhagsstærðir: sparnað, almenna skuldabréfavexti, lánskjaravísitölu, innflutning og útflutning sjávarfangs.

Líkanið er hannað til að spá einn til tvo mánuði fram í tímann. Hægt er að spá lengra fram í tímann en við það eykst óvissa til muna.

Í töflunni hér að neðan getur að líta spá sem framkvæmd er með gögnum sem ná til maímánaðar 1993.

Átta mánaða spá með 95% öryggismörkum

Spá	*Nafnvextir*	*Sparnaður*	*Innflutningur*	*Útflutningur sjávarfangs*	*Lánskjara-vísitala*
Maí	12,89 ± 2,01	121.058 ± 1.343	9.958 ± 2.961	8.653 ± 2.110	3.286 ± 20,00
Júní	12,17 ± 2,71	124.613 ± 2.848	10.144 ± 2.918	7.507 ± 2.073	3.297 ± 30,33
Júlí	14,66 ± 3,10	125.740 ± 3.057	8.617 ± 2.993	7.293 ± 2.175	3.329 ± 47,11
Ágúst	15,77 ± 3,70	126.513 ± 3.356	9.710 ± 2.983	7.730 ± 2.058	3.360 ± 58,25
September	17,20 ± 4,42	126.633 ± 3.990	8.705 ± 2.875	6.056 ± 2.037	3.378 ± 85,25
Október	17,30 ± 4,52	125.246 ± 3.731	9.994 ± 2.895	5.764 ± 2.183	3.386 ± 82,46
Nóvember	15,83 ± 5,78	124.491 ± 3.745	8.803 ± 3.179	6.172 ± 2.289	3.391 ± 121,89
Desember	15,35 ± 5,06	129.249 ± 4.593	10.149 ± 3.091	5.918 ± 2.249	3.392 ± 112,19

Með nafnvöxtum er átt við meðalvexti almennra skuldabréfa, sparnaður er skilgreindur sem M3 að frádregnum M1 og innflutningur er innflutningur alls, c.i.f. sparnaður, innflutningur og útflutningur sjávarfangs er í milljónum króna.

1. Inngangur

Undanfarin ár hefur það orðið æ vinsælla að nota eingöngu tölfræðilegar aðferðir þegar spá skal fyrir um þjóðhagsstærðir. Stafar þetta af því að hefðbundin þjóðhagslíkön eru orðin bæði stór og dýr í rekstri og ekki á færi nema stórra stofnana að starfrækja þau. Einnig hefur það sýnt sig að líkön sem byggð eru á þeim aðferðum sem hér er notast við (VAR) ná síst verr að spá til skamms tíma. Enn einn kostur er að tiltölulega auðvelt er að gera nýja spá þar sem líkanið notar litlar upplýsingar, þ.e. líkanið þarfnast aðeins upplýsinga úr fortíðinni um þær breytur sem spá skal um.

Verkefnið skiptist í raun í þrjá hluta. Í fyrsta hlutanum er líkanið metið og það prófað með formlegum tilgátuprófum. Í öðrum hlutanum er framkvæmd spá með líkaninu til átta mánaða. Að síðustu er að finna, í viðauka eitt og tvö, annarsvegar fræðilega lýsingu á aðferðinni sem notuð er og hinsvegar sk. sundurgreiningu afgangsliða en aðferðin er notuð til að kanna hvaða áhrif breyting í einni breytu hefur á líkanið yfir tíma.

2. Fræðilegur grunnur

Undanfarinn áratug hafa heyrst efasemdaraddir um réttmæti þess að nota hefðbundin þjóðhagslíkön til að spá fyrir um þjóðhagsstærðir. Efasemdir þessar má rekja til hagfræðinga sem aðhyllast ræðar væntir (*e. rational expectations*) og þá sérstaklega til skrifa bandaríska hagfræðingsins Roberts Lucasar.[1] Hann benti á að hagfræðilíkön væru ekki að fást við líflaus kerfi, eins og t.d. verkfræðingar fást við, heldur fengjust þau við lifandi einstaklinga og hegðun þeirra. Núverandi hegðun einstaklinganna ræðst ekki einungis af núverandi ástandi hagkerfisins heldur einnig væntingum þeirra um framtíðarástand þess. Einstaklingarnir læra hvernig bregðast skal við af fenginni reynslu og þróa væntingar sínar í samræmi við það.

Til að meta þjóðhagslíkön með hagmælingum þarf fyrst að skrifa gerðarform þeirra niður á einfaldað form (*e. reduced form*) og þar kemur m.a. gagnrýni Lucasar (*e. Lucas critique*) inn. Hann bendir á að í raun séu stuðlarnir í einfaldaða kerfinu samsettir úr mörgum stuðlum sem breytast kerfisbundið með breyttum væntingum þjóðfélagsþegnanna og því nái metin þjóðhagslíkön, með sögulegum tölum, ekki að spá vel fyrir um framtíðina.[2]

Önnur ástæða fyrir minnkandi vinsældum hefðbundinna þjóðhagslíkana til að spá með er að þau verða fljótt stór og dýr í rekstri.[3] Sims (1980), (1982) hefur bent á að mun hagkvæmari leið til að spá fyrir um þjóðhagsstærðir séu sk. VAR-líkön (*e. Vector Autoregression*). VAR-líkön nota ekki hagfræðikenningar líkt og hefðbundin þjóðhagslíkön heldur byggja þau eingöngu á tölfræði. Samanburðarrannsóknir á spálíkönum hafa sýnt fram á að VAR-líkön ná síst verr að spá fyrir um framtíðina en gerðarformslíkön og oft betur, a.m.k. til skamms tíma.[4] Það er því ekki tilviljun hversu vinsæl þau eru að verða þegar spá skal hagstærðum. Í I. viðauka má finna formlega umfjöllun um VAR-aðferðafræðina auk þess sem fjallað er um sk. sundurgreiningu afgangsliða.

---

[1] Sjá t.d. R. Lucas (1976).

[2] Umfjöllun um gagnrýni Lucasar er að hluta byggð á fyrirlestri Þórarins G. Péturssonar (1993) um þetta efni.

[3] T.d. byggist líkan Þjóðhagsstofnunar á u.þ.b. 300 gerðarformsjöfnum og þykir það ekki mikið á alþjóðamælikvarða.

[4] Sjá Zarnowitz (?), hér haft úr grein í *The Economist* 13. júní 1992.

3. Mat á spálíkani

Spálíkanið notar fimm innri breytur og er það hannað með það í huga að hægt sé að nota það til að spá til skamms tíma, þ.e. eins til þriggja mánaða. Breyturnar fimm eru sparnaður, almennir skuldabréfavextir, innflutningur, verðmæti útflutts sjávarfangs og lánskjaravísitala.

3.1 Gögnin

Gagnaraðirnar sem notaðar eru í spálíkaninu eru allar úr *Hagtölum mánaðarins* sem hagdeild Seðlabanka Íslands (1980-1993) gefur út. Breytur líkansins eru eftirfarandi: innflutningur c.i.f. (*INP*), verðmæti útflutts sjávarfangs (*FEXP*), meðalvextir almennra skuldabréfa (*SKBRV*), lánskjaravísitala (*LAN*) og sparnaður (*SPAR*). Sparnaður er skilgreindur sem peningamagn og sparifé (M3) að frádregnu peningamagni (M1).

3.2 Matsaðferðir

Eins og fram kemur hér að ofan eru innri breytur líkansins fimm, þ.e. *FEXP*, *INP*, *LAN*, *SPAR* og *SKBRV*. Þrjár ytri breytur eru í líkaninu, þ.e. fasti, gervibreyta fyrir leiðréttingu árstíðarsveiflna og gervibreyta til að leiðrétta fyrir kerfisbreytingu sem varð á gagnatímabilinu. Nánar verður fjallað um kerfisbreytingu í gagnaröðunum í kafla 3.3 hér á eftir. Innflutningur (*INP*) og útflutningur sjávarfangs (*EXP*) eru mjög háðir árstíðum og því er leiðrétt fyrir árstíðarsveiflum í líkaninu með því að setja gervibreytu sem leiðréttir fyrir þeim sem ytri breytu í líkanið. Allar innri breyturnar, nema *SKBRV*, eru metnar í logariþmum á verðlagi hvers árs. Hver innri breyta er tafin fjórum sinnum.

Mat líkansins byggist á að hámarka skilyrt sennileikafall (*e. likelihood*). Þetta er gert með *Kalman-filter* algóriþmanum (sjá nánar Doan (1992)). Afurð þessa er m.a. sk. *U*-gildi Theils en nánar verður fjallað um þau á bls. 9.

Spálíkanið er hannað með það fyrir augum að spá til skamms tíma og er það best til þess fallið að spá einn mánuð fram í tímann.

3.3 Prófun tilgátna

Menn eru ekki á eitt sáttir um hvort raðir í VAR-líkani þurfi að vera sístæðar (*e. stationary*) eða ekki. Doan (1992) mælir með að raðir séu ekki gerðar sístæðar með því að taka mismun (*e. difference*) af röð því að við það detti út langtímaupplýsingar sem felist í röðinni og hugsanleg samþættingarsambönd (*e. co-integration*) milli raða í líkani. Judge et al. (1988) tala um að til að klassískir tölfræðilegir eiginleikar VAR-líkans haldi þurfi raðir þess að vera sístæðar. Án þess að taka afstöðu til þess hvort raðir eigi að vera sístæðar eða ekki er hér gert próf fyrir því.

Dickey-Fuller prófið[5] prófar hvort rætur ferlisins sem býr til röðina (*e. data-generation process*) séu á tvinntöluhringnum. Ef ræturnar eru á hringnum er röðin sístæð annars ekki. H_0 tilgátan er að röðin sé ekki sístæð og móttilgátan að hún sé sístæð. Ef Dickey-Fuller gildið er minna en -3,43 er H_0 tilgátunni ekki hafnað. Ef hins vegar gildið er stærra en -3,43 er H_0 tilgátunni hafnað. Í 1. töflu má sjá niðurstöður prófsins.

1. tafla: *Próf fyrir sístæðni raða*

Röð	*Dickey-Fuller gildi*	> -3,43[6]
SPAR	-0,6227	Ekki sístæð
SKBRV	-5,5989	Sístæð
FEXP(lag = 12)	-1,2499	Ekki sístæð
INP(lag = 12)	-1,1673	Ekki sístæð
LAN	-1,1266	Ekki sístæð
RESID1	-16,2953	Sístæð
RESID2	-22,2531	Sístæð

Eins og sést í töflunni hér að ofan gefur tilgátuprófið til kynna að röðin sem inniheldur skuldabréfavexti (*SKBRV*) sé sístæðar. Sparnaður (*SPAR*), lánskjaravísitala (*LAN*), verðmæti útflutts sjávarfangs (FEXP(lag=12)) og innflutningur (INP(lag=12)) eru hinsvegar ekki sístæðar. Raðirnar *RESID1* og *RESID2* þarfnast nánari útstýringa.

Clements og Mizon (1991) benda á að ef tvær raðir í VAR-líkani séu samþættar sé til sístæður samþættingarvektor sem sé línuleg samantekt á þeim. Ef raðirnar eru samþættar þá uppfylla þær kröfur um sístæðni raða í VAR-líkani.

Próf fyrir samþættingu raða fer þannig fram að aðhvarfsgreining er gerð með VAMK, síðan eru afgangsliðirnir (*RESID1* og *RESID2*) settir í Dickey-Fuller prófið

[5] Sjá Dickey og Fuller (1981).

[6] Fyrir röð með fleiri en hundrað athugunum, engum tímatöfum, fasta og engri leitni (*e. trend*) er Dickey-Fuller brotpunktur í H_0 tilgátu -3,43, Chambers (1991).

sem lýst er hér að framan og kannað hvort þeir eru sístæðir eða ekki. Ef afgangsliðirnir eru sístæðir þá eru raðirnar samþættar.

Þar sem um miklar árstíðarsveiflur er að ræða í inn- og útflutningi eru þær raðir tafðar um tólf mánuði í prófinu. Eins og sést í 1. töflu er því hafnað að afgangsliðirnir (*RESID1*) séu ekki sístæðir og gefur það sterklega til kynna að langtímasamband sé á milli innflutnings og útflutnings sjávarfangs, þ.e. að raðirnar séu samþættar. Einnig virðast sparnaður og lánskjaravísitala vera samþætt eins og fram kemur á prófi afgangsliða (*RESID2*) þeirra.

Af framangreindu má vera ljóst að raðirnar uppfylla kröfur sem gerðar eru um sístæðni í klassískri ályktanafræði.

Chow-prófið kannar hvort orðið hafi kerfisbreytingar á röðunum sem til skoðunar eru. Prófið byggir á að gagnatímabilinu er skipt upp í tvo hluta. Gerðar eru þrjár aðhvarfsgreiningar með VAMK, sú fyrsta á fyrri hluta gagnatímabils, önnur á seinni hluta tímabils og sú þriðja á allt tímabilið. H_0 tilgátan er að kerfisbreytingar hafi ekki átt sér stað í röð, þ.e. að stuðlar við breytur séu þeir sömu á fyrra tímabili og því síðara sem og öllu tímabilinu. Fyrra tímabilið nær frá janúar 1980 til maí 1986 og það seinna frá maí 1986 til maí 1993. Í 2. töflu má sjá niðurstöður Chow-prófsins.

2. tafla: ***Chow-próf***

Röð	*F*(3,140)[7]	H_0 $\beta_1 = \beta_2 = \beta_3$
SPAR	70,69	Samþykkt
SKBRV	0,92	Hafnað
FEXP	0,22	Hafnað
INP	0,79	Hafnað
LAN	58,61	Samþykkt

Niðurstöður Chow-prófsins sýna að kerfisbreyting hefur átt sér stað í röðunum *SKBRV, FEXP* og *INP*. Til að leiðrétta fyrir þessu er gervibreytu, sem tekur á sig gildið núll fyrir maí 1986 og einn eftir maí 1986, bætt inn sem ytri breytu í líkanið.

[7] Brotpunktur í H_0 tilgátu er $F(3,140) = 3,32$, $\rho \leq 0,001$. Sjá Judge et al. (1988).

3.4 Gæði spár

Það sem skiptir í raun mestu við gerð líkans sem þessa er hversu vel því tekst að spá fyrir um framtíðina. Þetta líkan er hannað fyrir skammtímaspár, þ.e. því er ætlað að spá best eitt skref fram í tímann. Reyndar er hægt að spá eins langt fram í tímann og hver vill en eins og fram kemur í umræðu á bls. 12 hér á eftir eykst óvissan eftir því sem lengra er spáð. Til að fá formlegt próf á gæði spárinnar eru reiknuð sk. U-gildi Theils (sjá Theil (1971)) en þau byggja á eftirfarandi jöfnu:

(1)
$$U = \frac{\sqrt{\frac{1}{T}\sum_{t=1}^{T} e_t^2}}{\sqrt{\frac{1}{T}\sum_{t=1}^{T}(Y_t^s)^2} + \sqrt{\frac{1}{T}\sum_{t=1}^{T}(Y_t^r)^2}}$$

þar sem:

U = U-gildi Theils,
T = fjöldi spáskrefa,
e = afgangsliðir,
Y^s = spáð gildi,
Y^r = raunveruleg gildi.

Nefnarinn er ekkert annað en RMS-spávillan *(e. root mean square simlulation error)* en teljarinn er skalaður þannig að U fellur ávallt milli 0 og 1. Ef $U = 0$ þá er $Y_t^s = Y_t^r$, $\forall t$ og líkanið nær að spá fullkomlega fyrir um spástærðir. Ef $U = 1$ er spágeta líkansins engin. Í 3. töflu má sjá U-gildin fyrir spálíkönin fimm.

3. tafla: ***U-gildi fyrir spálíkön***

Breytur	***U-gildi***
FEXP	***0,08254522***
LAN	***0,00153815***
INP	***0,08674651***
SPAR	***0,00474948***
SKBRV	***0,03445999***

Eins og sjá má í 3. töflu eru öll U-gildin nálægt núlli. Pindyck og Rubinfeld (1982) segja U-gildi sem er lægra en 0,1 vera vísbendingu um að líkan ná að spá vel fyrir um það sem því er ætlað að spá fyrir um. Líkanið sem spáir fyrir um innflutning (*INP*) nær verst að spá en líkanið sem spáir fyrir um lánskjaravísitölu (*LAN*) best. U-gildin fyrir öll líkönin liggja á bilinu 0 til 0,1 svo spá með þeim ætti að vera ásættanleg.

Á 1. til 5. mynd má sjá eins skrefs spá sem endurtekin er tuttugu og fimm sinnum borna saman við raunveruleg gildi. Einnig eru 95% öryggismörk sett utan um raunveruleg gildi en með því er hægt að sjá hversu oft spáin fer út fyrir 95% öryggismörk. Útskýringar á því hvernig öryggismörk eru fengin má finna í 8. neðanmálsgrein á bls. 12 hér á eftir.



1. mynd: ***Eins skrefs spá fyrir sparnað***



2. mynd: ***Eins skrefs spá fyrir almenna skuldabréfavexti***



3. mynd: ***Eins skrefs spá fyrir lánskjaravísitölu***



4. mynd: ***Eins skrefs spá fyrir útflutnings sjávarfangs***



5. mynd: ***Eins skrefs spá fyrir innflutning***

4. Spá fyrir maí-desember 1993

Í 4. töflu eru niðurstöður spár um stærðirnar fimm sem eru í spálíkaninu, þ.e. nafnvexti, innflutning, útflutning sjávarfangs, sparnað og lánskjaravísitölu. Um er að ræða eins skrefs, tveggja skrefa o.s.frv. spár, allt eftir því hve langt fram í tímann er spáð.

4. tafla: ***Átta mánaða spá með 95% öryggismörkum***[8]

	Nafnvextir	*Sparnaður*	*Innflutningur*	*Útflutningur sjávarfangs*	*Lánskjara-vísitala*
Maí	12,89 ± 2,01	121.058 ± 1.343	9.958 ± 2.961	8.653 ± 2.110	3.286 ± 20,00
Júní	12,17 ± 2,71	124.613 ± 2.848	10.144 ± 2.918	7.507 ± 2.073	3.297 ± 30,33
Júlí	14,66 ± 3,10	125.740 ± 3.057	8.617 ± 2.993	7.293 ± 2.175	3.329 ± 47,11
Ágúst	15,77 ± 3,70	126.513 ± 3.356	9.710 ± 2.983	7.730 ± 2.058	3.360 ± 58,25
September	17,20 ± 4,42	126.633 ± 3.990	8.705 ± 2.875	6.056 ± 2.037	3.378 ± 85,25
Október	17,30 ± 4,52	125.246 ± 3.731	9.994 ± 2.895	5.764 ± 2.183	3.386 ± 82,46
Nóvember	15,83 ± 5,78	124.491 ± 3.745	8.803 ± 3.179	6.172 ± 2.289	3.391 ± 121,89
Desember	15,35 ± 5,06	129.249 ± 4.593	10.149 ± 3.091	5.918 ± 2.249	3.392 ± 112,19

Með nafnvöxtum er átt við meðalvexti almennra skuldabréfa, sparnaður er skilgreindur sem M3 að frádregnum M1 og innflutningur er innflutningur alls, c.i.f. sparnaður, innflutningur og útflutningur sjávarfangs er í milljónum króna.

Eins og áður hefur komið fram er líkanið hannað í því augnamiði að spá sem best fyrir um tilteknar stærðir einn mánuð fram í tímann. Í töflunni hér að ofan er líkanið notað til að spá átta mánuði fram í tímann. Viss vandamál skapast við það að nota skammtímalíkan til að spá fyrir um langtímabreytingar. Öryggismörkin endurspegla þetta og ef taflan er skoðuð sést að þau stækka eftir því sem lengra er spáð fram í tímann er spáð. Þetta ber að hafa í huga þegar spáin er skoðuð. Á 6. til 10. mynd má sjá spána með 95% öryggismörkum.

[8] Öryggismörkin eru reiknuð með eftirfarandi reglu (sjá t.d. Chow (1988) og Johnston (1984)). Spágildið er slembistærð sem er normaldreifð, núll að meðaltali og frávikið er staðalfrávik hennar í öðru veldi, þ.e. $X_t \sim Niid(0,\sigma^2)$. Nálga má frávik spágildis með $\sigma^2 = \sum_{t=1}^{T} e_t^2/(T-k)$ og þ.a.l. staðalfrávikið $\sigma = \sqrt{\sum_{t=1}^{T} e_t^2/(T-k)}$. Nú má fá 95% öryggismörk á spá með því að draga tvö staðalfrávik frá eða bæta við þeim við spáðu gildin.



5. mynd: ***Spá um vexti almennra skuldabréfa***



7. mynd: ***Spá um sparnað (M3 - M1), í milljónum króna***



8. mynd: ***Spá um innflutning, í milljónum króna***



9. mynd: ***Spá um verðmæti útflutts sjávarfangs, í milljónum króna***



10. mynd: ***Spá um lánskjaravísitölu***

5. Lokaorð

Ljóst er að það að ráða yfir góðu spálíkani er gulls ígildi fyrir stofnun eins og Landsbréf hf. Er það trú þess sem þetta verk vann að það líkan sem hér er kynnt nái vel að skýra það sem því er ætlað að skýra þó auðvitað megi alltaf gera betur. Um nokkurs konar tilraun er að ræða þar sem sennilega hefur ekki verið búið til líkan af þessari gerð áður hér á Íslandi og því þurfti að vinna alla vinnu við það frá grunni. Í framtíðinni verður hægt að endurbæta líkanið og er þá helst horft til líkans sem byggir á breytilegum stuðlum og Bayesískum hliðarskilyrðum.

Heimildir

Chambers, Marcus (1991). „Non-stationarity", Department of Economics, Essex. [Fjölrit.]

Chow, Gregory C. (1988). *„Econometrics"*. McGraw-Hill International Editions, Singapore.

Clements, Michael P. og Mizon, Grayham, E. (1991). „Empirical Analysis of Macroeconomic Time Series, VAR and Structural Models". *European Economic Review*, Vol. 35, no. 4, bls. 887-917.

Dickey, David A. og Fuller, Wayne A. (1981). „Likelihood Ratio Statistics for Autoregressive Time Series with a Unit Root". *Econometrica*, vol. 49, july, bls. 1057-1072.

Doan, Thomas A. (1992). *„RATS User's Manual, Version 4"*. Estima, Evanston, IL.

Seðlabanki Íslands (1980-1993). *„Hagtölur mánaðarins"*. Útg. hagdeild Seðlabanka Íslands.

Johnston, J. (1984). *„Econometric Methods"*. McGraw-Hill International Editions, Singapore.

Jón Daníelsson (1988). „International Transmission of Shocks: A VAR Approach". Duke University. [Óbirt ritgerð.]

Judge, G. Judge et al. (1988). *„Introduction to the Theory and Practice of Econometrics"*. John Wiley & Sons, Singapore.

Lucas, Robert E. Jr. (1976). „Econometruc Policy Evaluation: A Critique", í K. Brunner og A.H. Meltzer (ritstj.): *The Phillips Curve and Labor Markets.* Carnegie-Rochester Conference Series on Public Policy, vol. 1. Endurprentað í R.E. Lucas, *Studies in Business-Cycle Theory*, bls 104-130. Basil Blackwell, 1981.

Pindyck, Robert S. og Rubinfeld, Daniel L. (1981). *„Econometric Models and Economic Forecasts"*. McGraw-Hill International Book Company, Tokyo.

Sims, Christopher A. (1980). „Macroeconomics and Reality", *Econometrica*, vol, 48, no.1., bls. 2-48.

Sims, Christopher A. (1982), „Policy Analysis with Econometric Models", *Brookings Papers on Economic Activity*, 1:1982.

Theil, Henri (1971). *„Principles of Econometrics"*, John Wiley & Sons, New York.

Zarnowity, Victor (?). „Has Macro-Forecasting Failed?". *NBRE Working Paper*, no. 3867.

Þórarinn G. Pétursson (1993). Óbirtur fyrirlestur fluttur í hagfræðideild Háskóla Íslands í apríl 1993, um *Lucas critique*.

I. viðauki: Aðferðafræðin[1]

VAR-aðferðafræðin

VAR-ferli af gráðunni p, þ.e. VAR(p), fyrir kerfi M breyta $y_t = (y_{1t} \cdots y_{Mt})$ er hægt að skilgreina á eftirfarandi hátt:

$$(1) \qquad y_t = \nu + \Theta_1 y_{t-1} + \cdots + \Theta_p y_{t-p} + e_t$$

Í þessu kerfi M-jafna er $\nu = (\nu_{1t}, \cdots \nu_{Mt})$ M-vídda vektor, stuðlafylkið

$$\Theta_i = \begin{pmatrix} \theta_{11,i} & \cdots & \theta_{1M,i} \\ \vdots & \ddots & \vdots \\ \theta_{M1,i} & \cdots & \theta_{MM,i} \end{pmatrix}$$

er (MxM) vítt og $e_t = (e_1, \cdots, e_M)$ er M víður vektor afgangsliða. Afgangsliðirnir hafa meðaltalið núll, $E[e_t] = 0$, og sama covarians-fylki, $\Sigma_e = E[e_t e_t^T]$, fyrir öll t.

Skoða má m-tu jöfnu kerfisins sem sýnt er í jöfnu (1),

$$(2) \qquad y_{mt} = \nu_m + \theta_{m1,1} y_{1,t-1} + \cdots + \theta_{mM,1} y_{M,t-1} + \cdots + \theta_{m1,p} y_{1,t-p} + \cdots + \theta_{mM,p} y_{M,t-p} + e_{mt}$$

ef gert er ráð fyrir T fjölda athugana og p mörgum töfum fyrir hverja breytu má setja upp vektorana

$$y^m = \begin{pmatrix} y_{m1} \\ y_{m2} \\ \vdots \\ y_{mT} \end{pmatrix}, y_{-i}^m = \begin{pmatrix} y_{m,1-i} \\ y_{m,2-i} \\ \vdots \\ y_{m,T-i} \end{pmatrix}$$

fyrir $i = 1, \ldots, p$ og $m = 1, \ldots, M$. M.ö.o. y_{-i}^m inniheldur breytur y^m vektorsins tafðar i sinnum. Skilgreinum $e^m = (e_{m1}, \cdots e_{mT})$, þá er hægt að skrifa (2) sem

$$y^m = \nu_m j + \theta_{m1,1} y_{-1}^1 + \cdots + \theta_{mM,1} y_{-1}^M + \cdots + \theta_{m1,p} y_{-p}^1 + \cdots + \theta_{nM,p} y_{-p}^M + e^m$$

þar sem j er (Tx1) vektor af einum. Nú má skrifa kerfið á einfaldaðan hátt:

[1] Þessi kafli er að mestu byggður á Jóni Daníelssyni (1988), Judge et al. (1988) og Doan (1992).

(3) $$y^m = X\theta_m + e^m$$

þar sem

$$X = \left(j, y_{-1}^1, \cdots, y_{-1}^M, y_{-2}^1, \cdots, y_{-2}^M, \cdots, y_{-p}^1, \cdots, y_{-p}^M\right)$$

og

$$\theta_m = \left(v_m, \theta_{m1,1}, \cdots, \theta_{mM,1}, \cdots \theta_{m1,2}, \cdots, \theta_{m1,p}, \cdots, \theta_{mM,p}\right)$$

er vektor stuðla í m-tu jöfnu kerfisins. Eins og sjá má innihalda allar jöfnurnar sama X fylkið. Ef allar M-jöfnurnar eru skrifaðar sem eitt kerfi fæst

(4) $$y = (I_M \otimes X)\theta + e$$

Við mat á þessu kerfi er hægt að nota metil aðferðar minnstu kvaðrata (VAMK) án þess að missa nýtni í mati. Í stóru úrtaki er einnig hægt að sýna fram á að metillinn er samkvæmur og normaldreifður.

Sundurgreining afgangsliða

VAR-líkön eru kvik líkön af safni tímaraða. Í grein sinni *Þjóðhagfræði og raunveruleikinn* leggur Sims (1980) til að nota VAR-líkön sem valkost við jöfnukerfi þegar skoða á samband þjóðhagsstærða. Þar sem líkönin byggja ekki á hagfræðikenningum líkt og hefðbundin þjóðhagslíkön er hægt að hafa hliðarskilyrði við mat þeirra eins fá og hugsast getur. Því er hægt að nota sk. sundurgreiningu frávika spár (*e. forecast error variance decomposition*) til að rekja viðbrögð tiltekins kerfis við skelli í einni breytu og skoða áhrif þess á aðrar breytur kerfisins í framtíðinni.

Hægt er að sýna fram á að sístætt VAR(p) ferli, sem skilgreint er með jöfnu (1) megi skrifa á formi hreyfanlegs meðaltals (MAR):

(5) $$y_t = \mu + e_t + M_1 e_{t-1} + \cdots$$

$$= \mu + \sum_{i=0}^{\infty} M_i e_{t-1}$$

þar sem $\mu = E[y_t] = (I - \Theta_1 - \Theta_2 - \cdots - \Theta_p)^{-1} e$ og M_i er reiknað út frá Θ_i, t.d. er $M_i = \Theta_1^i$ fyrir VAR(1) ferli.[2] K-ta stak M_i stendur fyrir viðbragð k-tu breytu við einnar einingar skelli í breytu j, fyrir i tímabilum. M.ö.o. ef öll stök Θ fylkisins, nema eitt, eru sett jöfn núlli er hægt að sjá hvernig skellur í afgangsliðnum, sem ekki er jafn núlli, rekur sig í gegnum kerfið og hefur áhrif á y_t vektorinn. Vandamálið við að setja aðeins skell á einn afgangslið er að oftast er fylgni milli afgangsliðanna og því er óraunsætt að búast við því að einungis einn liðanna breytist meðan hinir eru jafnir núlli. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að umbreyta VAR-líkaninu þannig að ekki verði fylgni milli stakana í Θ_t vektornum. Þetta er hægt að gera með hornalínuaðferðum (*e. orthogonalized innovations*).

Samfylgnifylkið (*e. covariance matrix*) Σ_e fyrir VAR(p) er jákvætt ákveðið og því er til P fylki sem ekki er einstætt, þannig að $P\Sigma_e P^T = I$. Nú er hægt að skrifa jöfnu (5) upp á nýtt:

(6) $$y_t = \mu + \sum_{i=0}^{\infty} M_i P^{-1} P e_{t-i} = \mu + \sum_{i=0}^{\infty} \Psi_i w_{t-i}$$

þar sem $\Psi_i = M_i P^{-1}$ og $w_t = (w_{1t}, \cdots, w_{Mt}) = P e_t$. Vektorinn w_t hefur þann þægilega eiginleika að ekki er fylgni milli staka hans og að þau hafa öll einnar einingar frávik, þ.e. $E[w_t w_t^T] = PE[e_t e_t^T]P^T = I$. Fylkið Ψ_i stendur nú fyrir viðbrögð kerfisins y_t við einnar einingar skelli í umbreytta afgangsliðnum w_{mt}.

Nú gildir að ekki er fylgni milli staka Ψ_t, þ.e. $Cov(w_{it}, w_{jt}) = 0$, $i \neq j$. Vandamálið er að P fylkið, og þ.a.l. Ψ_t fylkin, eru ekki einstæð, því eru til óendanlega mörg w_t fylki. Þetta er leyst með sk. Choleski-þáttun en aðferðin notar þríhyrningslaga P fylki, þar sem stökum þess er raðað eftir mikilvægi þeirra fyrir kerfið.[3] Nú má setja skell á einn afgangslið og sjá hvernig hann rekur sig í gegn um kerfið.

[2] Sjá nánari skilgreiningu á þessu í Judge et al. (1988), bls. 765.

[3] Sjá nánari umfjöllun um Choleski-þáttun hjá t.d. Doan (1992), bls. 8-10 til 8-12.

II. viðauki: Sundurgreining afgangsliða

Eins og segir í I. viðauka er notast við Choleski-þáttun til að raða stökum samfylgnifylkis villuliðanna *(e. covariance matrix of error terms)*. Á 11. til 15. mynd má sjá hvernig einnar staðalvillu skellur á eina innri breytu hefur áhrif á allar innri breytur líkansins. Með þessu er hægt að sjá hvort og þá hvenær áhrifa á eina breytu líkansins fer að gæta, við breytingu í annarri. Í 5. til 9. töflu má sjá sundurgreiningu frávika innri breytanna við einnar staðalvillu skell í einni þeirra. Skellurinn er látinn rekja sig tólf skref, í þessu tilfelli mánuði, fram í tímann. Ef t.d. skellur er settur á sparnað (SPAR) má sjá á 11. mynd hvernig hann rekur sig í gegnum kerfið. Breyting á sparnaði hefur lítil áhrif á innflutning (INP) og útflutning sjávarfangs (FEXP), aftur á móti virðist hann hafa töluverð áhrif á lánskjaravísitölu (LAN) og almenna skuldabréfavexti (SKBRV). Ef 5. tafla er skoðuð má sjá að frávik í sparnaði má að mestu rekja til skellsins á fyrsta tímabili en að sjö mánuðum liðnum eru áhrifin farin að mildast. Á sjöunda mánuði fer áhrifanna að gæta verulega bæði í LAN og SKBRV og virðast þau enn vera að vaxa einu ári eftir skellinn, þó meira í SKBRV.

Raðirnar í 5. til 9. töflu mynda samtals 100% og stendur hver röð fyrir þá prósentutölu frávika sem rekja má til skells á breytu. Á sama hátt og gert er hér að ofan má túlka 12. til 15. mynd hér á eftir.



11. mynd: ***Einnar staðalvillu skellur í sparnaði***

5. tafla: ***Sundurgreining frávika, í prósentum, fyrir sparnað***

Skref	*SPAR*	*FEXP*	*INP*	*LAN*	*SKBRV*
1	100,00	0,00	0,00	0,00	0,00
2	95,08	0,10	1,10	0,35	3,37
3	92,45	1,63	1,09	1,81	3,02
4	88,79	2,69	1,09	3,40	4,03
5	84,51	2,85	0,94	6,10	5,60
6	80,32	2,74	0,86	8,33	7,76
7	74,88	2,51	1,32	10,57	10,72
8	68,33	2,23	1,66	12,82	14,96
9	61,42	1,93	1,92	14,75	19,97
10	54,24	1,66	2,23	16,12	25,76
11	47,15	1,42	2,35	16,96	32,12
12	40,56	1,24	2,46	17,21	38,53



12. mynd: *Einnar staðalvillu skellur í lánskjaravísitölu*

6. tafla: *Sundurgreining frávika, í prósentum, fyrir lánskjaravísitölu*

Skref	*LAN*	*SPAR*	*FEXP*	*INP*	*SKBRV*
1	100,00	0,00	0,00	0,00	0,00
2	99,34	0,02	0,45	0,02	0,18
3	98,58	0,11	1,17	0,01	0,13
4	95,52	0,08	1,69	0,13	2,57
5	91,00	0,10	1,39	0,26	7,26
6	84,18	0,67	1,07	0,26	13,82
7	75,81	1,45	0,77	0,19	21,78
8	67,76	2,01	0,57	0,15	29,51
9	60,43	2,26	0,43	0,17	36,72
10	53,78	2,31	0,33	0,18	43,40
11	47,88	2,27	0,25	0,20	49,40
12	42,68	2,20	0,20	0,24	54,68



13. mynd: *Einnar staðalvillu skellur í almennum skuldabréfavöxtum*

7. tafla: *Sundurgreining frávika, í prósentum, fyrir almenna skukldabréfavexti*

Skref	*SKBRV*	*LAN*	*SPAR*	*FEXP*	*INP*
1	100,00	0,00	0,00	0,00	0,00
2	99,46	0,19	0,03	0,02	0,30
3	99,20	0,11	0,05	0,15	0,49
4	99,19	0,16	0,05	0,25	0,35
5	99,09	0,36	0,04	0,28	0,23
6	98,87	0,61	0,04	0,31	0,17
7	98,61	0,87	0,09	0,30	0,13
8	98,37	1,11	0,13	0,29	0,10
9	98,14	1,33	0,17	0,28	0,09
10	97,94	1,53	0,19	0,27	0,07
11	97,74	1,72	0,20	0,28	0,06
12	97,56	1,89	0,21	0,29	0,05



14. mynd: *Einnar staðalvillu skellur í innflutningi*

8. tafla: *Sundurgeining frávika, í prósentum, fyrir innflutning*

Skref	*INP*	*FEXP*	*SPAR*	*LAN*	*SKBRV*
1	100,00	0,00	0,00	0,00	0,00
2	87,68	0,69	9,29	2,33	0,01
3	86,01	2,33	8,95	2,36	0,34
4	83,27	3,51	8,32	2,33	2,57
5	78,68	3,33	8,60	3,16	6,23
6	71,37	3,48	10,31	3,44	11,40
7	67,87	3,12	9,66	3,90	15,44
8	63,33	2,93	9,04	4,91	19,80
9	58,49	2,89	8,44	5,39	24,79
10	54,18	2,77	7,73	5,77	29,55
11	49,62	2,62	7,13	6,16	34,48
12	45,21	2,57	6,57	6,30	39,35



15. mynd: ***Einnar staðalvillu skellur í útflutningi sjávarfangs***

9. tafla: *Sundurgreining frávika, í prósentum, fyrir útflutning sjávarfangs*

Skref	*FEXP*	*INP*	*SPAR*	*LAN*	*SKBRV*
1	100,00	0,00	0,00	0,00	0,00
2	78,46	0,03	1,88	0,66	2,09
3	73,80	3,25	1,93	0,86	2,76
4	68,42	3,67	1,76	1,74	8,86
5	64,90	3,45	1,68	2,36	12,49
6	62,13	3,88	1,64	2,92	4,70
7	58,90	4,09	1,55	3,67	7,81
8	56,86	3,96	1,50	4,38	9,78
9	55,24	3,89	1,46	4,77	1,49
10	53,45	3,81	1,41	5,14	3,48
11	51,79	3,72	1,37	5,43	5,41
12	50,14	3,75	1,32	5,66	7,25